

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir gestir

Ég heiti Karen Þorgrímsdóttir og er fulltrúi Hvíta hússins í ungmennaráði Akraness. Við höldum barnaþing fyrir krakka í 5. -10. bekk í Þorpinu þann 2. -3. nóvember þar sem margar góðar hugmyndir komu fram. Einn af umræðupunktunum var um skólamál og hvað væri hægt að gera betur í skólum bæjarins. Tvær af þessum hugmyndum ætla ég að fjalla um í dag, skólasund og mötuneyti skólanna.

Skólasund er námsgrein í skólanum þar sem nemendur fara að jafnaði einu sinni í viku í 10 ár. Enginn er að efast um mikilvægi þess að allir læri að synda og fyrst til að byrja með er skólasundið frekar skemmtilegt. Eftir því sem nemendur verða eldri verður sundið alltaf meira og meira óvinsælt og hef ég skilning á því. Í 10 ár hoppar maður út í ískalda laug og syndir fram og tilbaka í 40 mínútur fyrir utan leiktímana sem koma inn á milli. Ekki er verið að gera lítið úr þeirri kennslu sem íþróttakennarar sjá um heldur meira að gagnrýna það að sundkennsla sé í gangi í 10 ár. Hvað á þessi kennsla að kenna okkur þegar við erum t.d orðin synd í 7. bekk. Getum við þá ekki klárað sundstigin fyrr og valið okkur annað til að gera til að fá hreyfingu. Með því að breyta þessu þá komum við í veg fyrir fullt af vandamálum. Þegar kynþroskinn byrjar finnst nemendum óþægilegt að mæta í sund enda er viðkvæmur aldur og óöryggi mikið. Mörgum og þá sérstaklega stelpum finnst erfitt að labba um á sundbol fyrir framan aðra og mæta því ekki. Tekið hefur verið á það ráð að kynjaskipta sundtímum en mætingin verður samt oft ekkert betri vegna þess að vandamálið snýr ekki bara að nemendum finnst óþægilegt að kynin fari saman í sund heldur líka að nemendur séu óöryggir með sjálfan sig.

Lagt var til á barnaþinginu að skoðað yrði vel að breyta sundkennslu í grunnskólunum okkar. Gott væri að nemendur fái tækifæri á að klára sundstigin sín fyrr og velji sér aðra hreyfingu í staðin. Hægt væri að hafa sund sem valgrein því auðvitað hafa einhverjir gaman af því að fara í sund. Í dag eru íþróttakennarar að gera sitt besta og reyna að hafa sundkennsluna áhugaverða. Ef nemandi mætir ekki í sund þá á að hann að fara í aðra hreyfinu. Með því að hafa meira val gæti sú hreyfing verið markvissari og fjölbreyttari en hún er í dag.

Mötuneyti

Mötuneyti grunnskólanna var einnig umræðupunktur á barnþinginu og höfðu krakkarnir mikla skoðun á því. Við höfum rætt hvernig við getum aukið gæði skólamötuneyta á Akranesi en þar kemur nokkrir hlutir inn í. Kostnaður við matinn þarf að vera í lágmarki því ekki á að láta foreldra greiða of mikið fyrir matinn og síðan aðstaða til að elda matinn. Örugglega er aðstaðan í hverjum skóla misjöfn en í umræðunni kom fram að aðstaðan væri ekki næginlega góð á öllum stöðum, pínulítið eldhús til að hita mat og ekki eldað frá grunni. Hvað er þá til ráða? Hugmynd kom upp að það væri lang best ef að allur matur fyrir skólanna væri eldaður á sama stað og síðan sendur út í skólanna. Þannig fengju allir það sama að borða og hægt væri að vera með mat eldaðan frá grunni. Þá væri einnig hægt að taka það upp að matur í grunnskólunum væri frír og öllum nemendum gert kleift að borða á hverjum degi.

Að lokum töluðu nemendur mikið um það að ekki væru allir starfsmenn í mötuneytinum með hárnét og hanska. Þeir lögðu mikla áherslu á að nemendur væru ekki að lenda í því að fá hár í matinn sinn og því mjög mikilvægt að allir noti hárnét og hanska ALLTAF upp á almennt hreinlæti.

Takk kærlega fyrir mig